

Nefndarsvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar


Reykjavík, 27. maí 2024

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins og Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda um frumvarp til breytinga á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009 (nýr sjóða og fjölgun úthlutunarmánaða)

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samþökin“) og aðildarfélag þess, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (hér eftir „SÍK“), hafa tekið til umsagnar drög að frumvarpi til breytinga á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009 (fjölgun sjóða og aukning framlaga). Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins þá eru meginefni frumvarpsins tvíþætt. Í fyrsta lagi er stefnt að því að stofna þrjá nýja sjóði listamannalauna. Meðal þeirra er sjóður kvikmyndahöfunda. Í öðru lagi er lagt upp með að fjölga mánaðarlegum starfslaunum um tæp 80% í áföngum. SI og SÍK fagna fyrirhugaðri lagabreytingu og þá sérstaklega stofnun sjóðs fyrir kvikmyndahöfunda.

Stofnun sérgreinds sjóðs fyrir kvikmyndahöfunda er í samræmi við áherslur og aðgerðir í kvikmyndastefnu til ársins 2030 sem gefin var út í október 2020. Þar er lagt til að komið verði á laggirnar launasjóði kvikmyndahöfunda sem leikstjórum og handritshöfundum verði gert kleift að sækja úr líkt og tíðkast í öðrum listgreinum en hingað til hefur kvikmyndahöfundum ekki staðið til boða að sækja um starfslaun. Slíkur sjóður mun bæta starfsumhverfi leikstjóra og handritshöfunda að einhverju leiti sem mun óhjákvæmilega stuðla að betri og fjölbreyttari kvikmyndamenningu á Íslandi, fagna því SI og SÍK framkomnum drögum að frumvarpi til breytinga á listamannalaunum.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins og Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda



Gunnar Sigurðarson,
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði Samtaka iðnaðarins



Anton Máni Svansson
Formaður Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda